

Nr. 085 / 16 Sylvía / Náttfari**Ásigling í Húsavíkurhöfn****Sylvía**

Skipaskr.nr. 1468
Útgerð: Gentle Giants-Hvalaferðir ehf
Smíðaður: Vör hf, 1976, Eik
Stærð: 28,83 brl. 27,0 bt.
Mesta lengd: 17,47 m Skráð lengd: 15,74 m
Breidd: 4,30 m Dýpt: 2,08 m
Vél: Volvo Penta, 280 kw, 1997
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 30-40?



Sylvía©Hilmar Snorrason

Náttfari

Skipaskr.nr. 993
Útgerð: Norðursigling hf.
Smíðaður: Skipavík, 1965, Eik
Stærð: 60,45 brl. 57,00 bt.
Mesta lengd: 22,97 m Skráð lengd: 20,50 m
Breidd: 5,28 m Dýpt: 2,70 m
Vél: Scania, 301 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 2



Náttfari©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla.
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. nóvember 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 17. ágúst 2016 var farþegabáturinn Sylvía að fara frá bryggju á Húsavík með farþega í hvalaskoðun á Skjálfanda. Veður: Hægviðri.

Skipstjóri Sylvíu bakkaði frá flotbryggju og ætlaði að taka beygju út úr höfninni þegar hann áttaði sig á að hann myndi lenda á Náttfara. Hann gaf vélinni inn til að báturinn beygði betur en það tókst ekki og sigldi hann á skut Náttfara sem var bundinn við flotbryggjuna við hliðina.

Skemmdir urðu á skutnum og sprunga kom í þilfarið á Náttfara en Sylvía skemmdist ekki.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn kvaðst hafa verið á mjög lítilli ferð eða u.þ.b. 3-4 hnútum;
- að skipstjórinn var í sinni fyrstu ferð með bátinn og misreiknaði sig á stjórn tökum hans. Hann hafði einnig farið mjög nálægt flotbryggju og taldi sig hafa þurft að forða því að skrúfan færi í keðju (botnfestingu) í henni;
- að fram kom hjá skipstjóra að hluti vandræða hans hefði verið að margir farþegar hefðu staðið í stefni og það byrgt útsýni hans;
- að eftir atvikið var farþegum bannað að standa í stafni við brottfarir og komur í höfn;
- að skipstjórinn var vanur þessu svæði en óvanur bátnum og fram kom hjá honum að allur búnaður bátsins hafi verið í besta lagi. Hann mundi ekki hvað margir farþegar voru borð en það hefði verið um 30-40 manns.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að þetta atvik sýni vel hversu mikilvægt er fyrir stjórnendur skipa að kynna sér vel stjórn tök þegar þeir taka við nýjum skipum.